**Frá:** Haukur Már Haraldsson <haukur1@haukurmar.net>
**Sent:** fimmtudagur, 30. apríl 2020 16:46
**Til:** ÍTR netfang <itr@reykjavik.is>
**Efni:** Prentsögusetur; beiðni um stuðning

Til Menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Reykjavík, 30. apríl 2020

Ágæta menningar-, íþrótta- og tómstundaráð.

Prentsögusetur sækir hér með um einnar milljóna króna styrk til að standa undir húsaleigu og kostnaði við húsnæði þess næsta árið.

Prentsögusetur var stofnað í febrúar 2015 með það fyrir augum að koma upp safni/setri til að bjarga frá glötun sögu prentverks og bókagerðar á Íslandi. Sagan er löng því prentverkið kom til landsins í kringum 1530. Söfnun tækja er að mestu lokið og eru þau geymd í gámum. Framtíðardraumarnir eru að aðalaðsetur Prentsögusetur verði í Skálholti, í samstarfi við Skálholtsstað.

Í Reykjavík hefur Gamla prentsmiðjan verið opnuð fyrir almenning að Laugavegi 29b. Þar má skoða og fá fræðslu um vélakost fyrir flestar greinar hinnar „gömlu“ bókagerðar; hand- og vélsetningu, prentun, hluta af bókbandi auk smámuna margs konar. Hugmyndin er að Gamla prentsmiðjan verði opin áfram sem eins konar útibú þegar draumurinn um Skálholt er orðinn að veruleika. Áður en vírusinn skall á hafði fólk komið af götunni til að skoða og staðurinn vakti mikinn áhuga. Ekki er rukkaður aðgangseyrir heldur treyst á stuðningsframlög gesta.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til samræðna við ráðsmenn/konur ef óskað er.

Með von um góðar undirtektir.

F.h. stjórnar Prentsögusetur,
Haukur Már Haraldsson

___
Haukur Már Haraldsson
Gautavík 30, 112 Reykjavík
Sími/phone: +354 557 1323 - Farsími/mobile: +354 897 1068
Netfang/e-mail: haukur1@haukurmar.net
Netsvæði/-site: http://haukurmar.123.is/home/